

Nefndasvið Alþingis
B.t. Allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík , 25. júní 2013

Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til breytinga á lögum nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, með síðari breytingum.

I. Almennt

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007. Félags atvinnurekenda telur mjög mikilvægt að viðhöfð séu vönduð vinnubrögð þegar veittar eru rúmar heimildir til öflunar upplýsinga um persónuleg og fjárhagsleg málefni einstaklinga og fyrirtækja.

II. Athugasemdir

Félag atvinnurekenda gerir nokkrar athugasemdir við umrætt frumvarp og eru þær eftirfarandi:

1. Ekki er tekið tillit til samkeppnishagsmuna fyrirtækja í frumvarpi þessu;

Ljóst er að fyrirtæki hafa mikla hagsmuni af því að vel sé vandað til verka þegar veita á stofnun ríkisins heimildir til öflunar persónugreinanlegra upplýsinga enda er samkeppnisgrundvöllur fyrirtækjanna undir. Of rúm heimild þess efnis, m.a. um lánastöðu fyrirtækjanna, getur orðið þeim til tjóns. Afmarka þarf heimildir Hagstofunnar með tilliti til þess.

2. Almennt of rúmar heimildir Hagstofunnar.

Frumvarp þetta veitir Hagstofu umfangsmiklar heimildir til að safna og meðhöndla persónuupplýsingar, fyrirtækja og einstaklinga. Slík heimild er ávallt varhugaverð og telur Félag atvinnurekenda að tilgreina eigi sérstaklega hvernig fara skuli með þessar upplýsingar og hvenær þeim skuli eytt. Það þarf því skýrari ramma utan um meðferð upplýsinganna hjá Hagstofu Íslands. Ótækt er að leggja slíka reglugerð í hendur stofnunarinnar enda ljóst að slíkt þarf að koma fram í lögum.

3. Ekki nægilegt tillit til athugasemda Persónuverndar.

Ekki hefur verið nægjanlega komið til móts við athugasemdir Persónuverndar, t.d. í fyrri umsögnum um söfnun persónugreinanlegra upplýsinga um fjárhagsstöðu skuldugra heimila, með umræddu frumvarpi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir langvarandi rannsókn og söfnun upplýsinga um mikilvæg einkamálefni fyrirtækja og einstaklinga þar sem hvergi er tilgreint hver varðveislutími gagnanna sé. Úr þessu þarf að bæta.

4. *Skýrari afstaða löggjafans til meðferðar persónugreinanlegra upplýsinga*

Í athugasemdum við frumvarp það sem nú er deilt um er tæpt stuttlega á samspili frumvarpsins við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar. Þar er hins vegar ekki tekið nægjanlega á því hvernig fara skuli með persónugreinanlegar upplýsingar sem Hagstofan aflar í skjóli umrædds frumvarps. Félag atvinnurekenda telur ekki nægjanlegt að leggja traust á verkferla sem Hagstofan hefur nú þegar komið á. Löggjafinn verður sjálfur að taka skýrari afstöðu til *meginreglna, þar sem fram komi takmörk og umfang þeirrar réttindaskerðingar, sem talin er nauðsynleg.*

III. Annað

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Almar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda